



## Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 09. apríl 2018

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

09. apríl 2018, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Baldur Kjartansson, Hinrik Ingólfsson, Heiðbjört Antonsdóttir, Höskuldur Haraldsson, Baldur H. Friðriksson og Teitur Helgason.

Einnig sat fundinn Magnús Már Þorvaldsson er ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. mál: **Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps** – Yrki arkitektar vinna að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 til samræmis við áform sveitarfélagsins um eflingu og aukinni fjölbreytni í atvinnulífi, sbr. fyrirbyggjandi skipulagslýsingu. Verkefnalýsingin með áorðnum breytingum er til umsagnar í skipulagsnefnd. Var áður tekið fyrir fundi nefndarinnar þann 12. mars. sl.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi verkefnalýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026 og leggur til við hreppsnefnd að lýsingin verði auglýst og kynnt.

2. mál: **Strandblakvöllur við Lónabraut** – Grenndarkynning hefur farið fram og eru gögn þar að lútandi meðfylgjandi. Sveitarfélagið móttók athugasemdir íbúa er telja sig málið varða þann 26. mars sl. og liggja fyrir fundi skipulagsnefndar til fyrirtekta.

Tekið fyrir að nýju erindi Vopnafjarðarhrepps um leyfi til að byggja strandblakvöll við Lónabraut. Grenndarkynningu er lokið og rann frestur til að skila inn athugasemdum út þann 26. mars sl.

Athugasemdir bárust frá eigendum eftirtalinna fasteigna: Hafnarbyggð 25, Fagrahjalla 3, Hafnarbyggð 29, Hafnarbyggð 17, Hafnarbyggð 22, Hafnarbyggð 21, Hafnarbyggð 27, Hafnarbyggð 23 og Lónabraut 7. Ekki sóttu kynningargögn Guðni Ásgrímsson og Guðjón Guðjónsson. Athugasemdirnar eru í tveimur samhljóða bréfum.

Skipulags- og umhverfisnefnd fór ítarlega yfir þær athugasemdir sem þarna koma fram.

Varðandi sandfok verður því mætt með sandi sem samþykktur er af Blaksambandi Íslands. Hann er þeirrar náttúru að hann fýkur síður og kettir sækja ekki í hann. Ennfremur verður þess gætt að nótt verði til staðar til að leggja yfir völinn til að hefta mögulegt sandfok sem og aðgengi að vatni til að bleyta yfirborð vallarins.

Varðandi ónæði vegna hávaða er það skoðun nefndarmanna að það geti vart talist ónæði af fólki í leik og má vísa til þess að steinsnar frá vellinum er skólalóð að finna þar sem öllu jafna ríkir gáski og gleði.

Ónæði vegna þess að leikmenn þurfa að sækja bolta er sjálfsagt að reikna með að hann geti út af velli farið þótt um völlinn séu reistar girðingar og/eða gróðursett séu tré. Með þeim ráðstöfunum sem áætlaðar eru verður reynt að lágmarka þennan þátt.

Blakbolti er léttasti bolti knattíprótta og verandi í nokkurri fjarlægð frá íbúðarhúsum eru hverfandi líkur á að slíkur bolti muni valda eignatjóni. Gerð verður nánari útfærsla og endanlegri hönnun þar sem gert er ráð fyrir jarðvegsmönnum með gróðri við völlinn.

Varðandi útsýnisskerðingu vísar nefndin aftur til þeirrar hönnunarvinnu sem framundan er þar sem leitast verður við að mæta sjónarmiðum íbúa.

Varðandi staðsetningu á nýju íþróttasvæði telur nefndin það vel koma til greina að blakvöllur verði byggður þar síðar. Enn sem komið er býður svæðið ekki upp á aðstöðu útiblakvallar en óvíða er ágengni vinds meiri en á vallarsvæðinu.

Nefndin samþykkir að leggja til við hreppnefnd að gefið verði út framkvæmdaleyfi fyrir strandblakvöll við Lónabraut þar sem hún telur með hliðsjón af ofantöldu að þær athugasemdir með viðeigandi mótvægisáðgerðum hindri ekki að völlurinn geti verið staðsettur á þessum stað.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt – fundi slitið kl. 13:20.